






- Skýringar**
- Mörk deiliskipulagsbreytingar
 - Opin svæði
 - Grenndar- og hverfisvöllir
 - Byggingarreitur
 - Bindandi byggingarlína bílgæmsla
 - Lóðamörk
 - Bindandi byggingarlína
 - Kvöð um aðgengi að aðliggjandi lóð eða sérnotahluta

Gildandi deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 13.04.2005. Stækkun á byggingarreit í Prúmutúni 2 var samþykkt í bæjarstjórn 21.02.2006.

Greinargerð / stutt lýsing
Afmörkun svæðis
Deiliskipulagsbreytingin er á svæði sem er 0.9 ha að stærð og nær til lóðanna Sómatún 9 - 21, 23 - 31, 33 - 35 og 37 - 45.

Lýsing deiliskipulagsbreytingar
Fækkað er um tvær íbúðir í tveggja hæða raðhúsalengu (E_I). Bindandi byggingarreitur fyrir bílgæmslu við raðhús á 2 hæðum (E_I) er felldur út og bindandi byggingarlína fyrir tveggja hæða íbúðarhluta er færð til norðurs um 2.75 m, byggingarreitur er jafnframt lengdur um 1 m í austur og 1 m vestur. Byggingarreitur fyrir 2 raðhús á einni hæð (F_{III}) er hlíðrað til um 1 m til norðurs. Byggingarreitur fyrir parhús á tveimur hæðum (G_{II}) er aðeins lengdur til norðurs um 1 m, en samræming milli deiliskipulagsuppdráttar og skilmálateikningar við suðurmörk lóðarinnar, þ.e. 3 metrar frá byggingarreit í lóðarmörk.

Skilmálateikningar
Skilmálateikningu fyrir E_I raðhús á tveimur hæðum er breytt og bætt við einu þversniði. Við skilmálateikningu G_I og II parhús er bætt við einni skýringarmynd.

Eftirfarandi breytingar eru á tölulegum upplýsingum á bls. 16 í deiliskipulagsgreinargerð:
Íbúðum í raðhúsi á 2 hæðum (E_I) er fækkað um 2 og verða 7. Heildarbyggingarmagn minnkar um 480 m² og verður 1680m². Nýtingarhlutfall lækkar að sama skapi og verður 0.64.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 / 1997 m. s. br. frá _____ til _____ var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 2007

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B- deild Stjórnartíðinda þann _____ 2007

Deiliskipulagshöfundar eru Kanon arkitektar ehf.

NAUSTAHVERFI 2. ÁFANGI AKUREYRI